

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Úlfssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Úlfssjóður og er stofnaður til minningar um Úlf Gunnarsson, fyrrverandi yfir-lækni sjúkrahúss Ísafjarðar. Heimili sjóðsins og varnarþing er Torfnæs, 400 Ísafjörður.

Stofnendur sjóðsins eru Birgir Úlfsson, kt. 250447-6129, til heimilis að Bjarnhólastíg 4, Kópavogi og Gunnar Martin Úlfsson, kt. 190854-6639, til heimilis að Suðurmýri 54, Seltjarnarnesi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1.000.000 kr. og skal sú upphæð haldast óskert í sjóðnum. Stofnfé kemur úr „Söfnun áhugamannahóps fyrir sneiðmyndataeki“ handa sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Stjórn sjóðsins er skylt að ávaxta fé sjóðsins á tryggilegan hátt með arðsemi að leiðarljósi.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast og gjafafé. Féð skal varðveitt í ríkistryggðum skuldabréfum eða með innlánnum á bankareikninga og þá í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að vera sameiginlegur aðili þeirra sem vilja styrkja og styðja sjúkrahúsið á Ísafirði til tækja- og búnaðarkaupa til hagsbóta fyrir starfsemina og samfélagið. Þannig er það tilgangur sjóðsins að fjármagna kaup á tækjum fyrir sjúkrahúsið á Ísafirði og hvernig þeirrar stofnunar sem sinnir hlutverki þess.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn búsettir í Ísafjarðarbæ, þar af tveir tilnefndir af sjúkrahúsinu á Ísafirði og skal annar þeirra vera formaður stjórnar sjóðsins og tveir tilnefndir af sýslumanninum á Ísafirði samkvæmt ábendingu stjórnar sjóðsins. Skipunartími stjórnar er fimm ár.

Segi stjórnarmaður af sér eða flytji hann úr Ísafjarðarbæ skal tilnefna nýjan stjórnarmann út skipunartíma sitjandi stjórnar.

Fyrsta stjórn sjóðsins er þó skipuð samkvæmt ákvörðun stofnenda og þeir eru: Þorsteinn Jóhannesson læknir formaður, Hörður Högnason hjúkrunarfræðingur, Eiríkur Finnur Greipsson og Gísli Jón Hjaltason en þeir tveir síðastnefndu eru tilnefndir sem fulltrúar áhugamannahóps um söfnun fyrir sneiðmyndataeki.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og skal færa í gerðabók skipulagsskrá þessa, niðurstöður ársreiknings og allar samþykktir sjóðstjórnar, þ.m.t. ákvarðanir um úthlutun fjár til einstakra verkefna.

Fjárvarsla sjóðsins verður í höndum stjórnar en heimilt er að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um fjárvörslu eigna sjóðsins. Fjárfestingarstefna skal borin undir stjórn sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við faglega stjórnendur sjúkrahússins á Ísafirði við ákvörðun um tækjakaup.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórn skal semja reikninga fyrir júnílok ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda á Ísafirði starfi hann þar eða öðrum slíkum sé hann ekki starfandi þar. Stjórn sjóðsins skipar löggiltan endurskoðanda fyrir sjóðinn til tveggja ára í senn. Endurskoðuðum ársreikningum og árituðum skal skilað til Ríkisendurskoðunar. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins er frá stofnun hans til næstu áramóta.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir störf sín.

8. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 4. grein hér að ofan eða skyldra markmiða.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 22. janúar 2010.

Ríkarður Másson.

Helgi M. Ólafsson.